

**Ed.**

**176. Frumvarp til laga**

**[163. mál]**

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Anamthawat Jónsson, Kesara, grasafraeðingur í Reykjavík, f. 18. nóvember 1951 í Thailandi.
2. Andreassen, Steinunn Ásta, húsmóðir á Selfossi, f. 10. september 1953 á Selfossi.
3. Andreassen, Þorfinnur Sveinn, sjómaður í Grindavík, f. 11. febrúar 1964 í Stykkishólmi.
4. Bieltvedt, Arnór Guðmundur, nemandi í Reykjavík, f. 25. maí 1963 á Akureyri.
5. Bruun Madsen, Karen, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 11. nóvember 1946 í Hafnarfirði.
6. Dokic, Predrag, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. 5. febrúar 1942 í Júgóslavíu.
7. Douglas Magnússon, Audrey, húsmóðir í Reykjavík, f. 5. janúar 1932 í Englandi.
8. Hall, Nicholas James Grogan, kennslustjóri í Reykjavík, f. 11. nóvember 1951 í Englandi.
9. Hansen Sigurðsson, Herborg, húsmóðir í Reykjavík, f. 16. janúar 1935 í Færeyjum.
10. Hreinn Skúli Erhardsson, nemandi á Grenivík, f. 17. ágúst 1971 á Akureyri.
11. Kaldalóns, Suzanne Mary, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. nóvember 1954 í Englandi.
12. Magnus, Robert Jonathan, fræðimaður í Reykjavík, f. 15. desember 1948 í Englandi.
13. Óliver Hilmarsson, nemandi á Laugarvatni, f. 7. september 1974 í Reykjavík.
14. Palmero, Diego Valencia, þjónn í Reykjavík, f. 18. júní 1955 á Spáni.
15. Quesada, Gines Cano, námsmaður í Reykjavík, f. 30. apríl 1953 á Spáni.
16. Salmon, Peter Joseph Broome, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 7. desember 1957 í Hong Kong.
17. Sewell, David John, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 25. maí 1958 í Englandi.
18. Staub, Christian Arthur, fulltrúi í Reykjavík, f. 20. mars 1951 í Sviss.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafrn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafrni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Áhersla er á það lögð að frumvarpið verði afgreitt fyrir jólaleyfi. Sú aðferð, sem tíðkast hefur, að afgreiða slík frumvörp einu sinni á ári við lok þings að vori er að því leyti óheppileg að úrlausn á þessu mikilvæga persónulega málefni þess fólks, sem hér er um að ræða, dragist svo lengi sem í þeirri aðferð felst. Áformað er að flytja annað frumvarp af þessu tagi eftir jólaleyfi eftir því sem tilefni gefst til.